

Starfsreglur fyrir Endurskoðunarnefnd Almenna lífeyrissjóðsins

Skipun endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefndin starfar skv. 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdum almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum. Stjórn lífeyrissjóðsins skipar nefndina skv. ákvæðum í lögnum. Birta skal skipan endurskoðunarnefndar á heimasíðu Almenna lífeyrissjóðsins.

Nefndarskipan

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði m málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

Rekstrarstjóri Almenna lífeyrissjóðsins er ritari nefndarinnar.

Hlutverk og tilgangur endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefndin leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðanda sjóðsins.

Endurskoðunarnefndin skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins, stjórnenda sjóðsins eða annarra:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.
6. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál sjóðsins
7. Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
8. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.

Fundir

Nefndin heldur a.m.k. 4 fundi á ári. Ritari nefndarinnar sér um að fundir séu boðaðir í umboði formanns. Ritari nefndarinnar sér um að fundir séu færðir til bókar og þeir settir inná lokaðan innri vef sem nefndarmenn hafa aðgang að. Á næsta fundi er fundargerð borin upp til samþykktar.

Í upphafi hvers árs gerir nefndin áætlun um nefndarfundir ársins, fundir með endurskoðendum, stjórn og fundir með starfsmönnum sjóðsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

Samskipti við stjórn

Endurskoðunarnefndin skilar a.m.k. árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar sjóðsins. Í skýrslum til stjórnar skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda / endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings.

Samskipti við ytri og innri endurskoðendur

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er.

Samskipti við starfsmenn sjóðsins

Nefndin hefur heimild til að kalla til starfsmenn sjóðsins til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.

Framkvæmdastjóri skal fara yfir og skýra starfsemi sjóðsins á reglulegum fundum nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri og ritari endurskoðunarnefndar skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

Birting reglna

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu Almenna lífeyrissjóðsins.

Gildistaka, samþykki og breytingar á starfsreglum

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur samþykkt starfsreglur endurskoðunarnefndar sjóðsins og taka þær gildi 21. Júlí 2009.

Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki meirihluta stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins.

Framangreindar starfsreglur lagðar fyrir stjórn Almenna lífeyrissjóðsins til samþykktar 21. júlí 2009.

f.h. Endurskoðunarnefndar Almenna lífeyrissjóðsins

Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður